Nd. **580. Breytingartillaga**

við frv. til fjárlaga fyrir árin 1912 og 1913.

Frá Bjarna Jónssyni frá Vogi.

Við 16. gr.: Aftan við 3. lið komi nýr liður svohljóðandi:
Heiðursgjöf til Dr. C. O. Jensen prófessors 2000 kr. einu sinni.

Fylgiskjal.

Fyrir 15—20 árum lá bráðapestin þungt á isl. landbúnaði. Hún mun árlega hafa kostað landið hundruð þúsundir króna. Hefði landsmönnum þá verið boðið fyrir lítið sem ekkert nær óyggjandi meðal við pestinni hefðu þeir að vonum tekið því feginshendi — og verið þeim manni þakklátir, sem boðið bauð.

Fyrir 15—20 árum veitti alþingi fé til að fá hingað dýralækni frá Noregi til þess að rannsaka bráðapestina. Hann kom, var hér hluta úr vetri og flutti með sér bráðapestargerilinn til Khafnar.

Próf. Jensen tók þar við, fór að athuga líf þeirra og lifsskilyrði og síðan að gera tilraunir til að finna bóluefni gegn sýkinni. Hefði próf. Jensen ekki verið, hefði að líkindum lítið lið orðið að för norska dýralæknisins.

Tilraununum hefir próf. Jensen haldið áfram í nær 15 ár og þótt farið sé fyrir löku ári að selja hér bóluefnið, er tilraununum ekki að fullu lokið enn.

Próf. Jensen hefir unnið að rannsóknum þessum óbeðinn og ótilknúður öll þessi ár og ekki fengið fyrir eyrisvirði né neina von um hagnað. Hann hefir knúið vísindalegur áhugi og löngun til að láta gott af sér leiða.

Og nú höfum vér fengið þá vörn gegn pestinni, sem telja má nær því fulltrygga, og vitanlega hefir bóluefnið þegar gert ómetanlegt gagn hér á landi, enda ekki líkur til að pestin þurfi að gera héðan af neinn skaða, er teljandi sé. Þetta vita flestir fjáreigendur.

Til dýralæknis Magnúsar Einarssonar hafa komið viðsvegar að utan af landi áskoranir og óskir um að eitthvað verði gert til að sýna próf. Jensen þakklæti. Bændur vilja það — og maðurinn á það fyllilega skilið.

Bóluefnið er nær eingöngu búið til fyrir oss Íslendinga.